



7. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 27. mars 2020 í fjarfundi

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GP), Gunnar Gunnarsson (GG), Lárus B. Lárusson (LBL), Gissur Jónsson (GJ), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs.

Forföll boðaði: Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK).

1. Fundur settur kl. 16:04
2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
AIP gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
3. Covid 19
 - Stjórn UMFÍ hrósar sambandsaðilum og aðildarfélögum þeirra fyrir frumkvæði, skjót viðbrögð, samheldni, samstöðu og nýjungar til þess að þjónusta iðkendur sína og félagsmenn í samkomubanni.
 - Stjórn UMFÍ þakkar starfsfólki UMFÍ fyrir afar gott starf við óvenjulegar aðstæður.
 - Stjórn UMFÍ þakkar ríkisstjórn Íslands, Lilju Dögg Alfreðsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni félags- og barnamálaráðherra fyrir stuðning þeirra við íþrótt- og æskulýðsstarf í þeim víðsjárverðu aðstæðum sem uppi eru í þjóðfélaginu. UMFÍ er reiðubúið til að vinna með stjórnvöldum til þess að aðgerðir skili sem mestum árangri og komi íþrótt- og æskulýðsstarfi um allt land til góða.
 - Stjórn UMFÍ þakkar einnig Íþrótt- og ólympíusambandi Íslands fyrir gott samstarf í þessum aðstæðum.
4. Fundargerðir framkvæmdastjórnar og nefnda lagðar fram til kynningar.
 - Framkvæmdastjórn
 - 8. og 9. fundargerð Framkvæmdastjórnar.
 - Fræðslunefnd
 - 6. fundargerð Fræðslunefndar.
 - 3. og 4. fundargerð Vinnuhóps um rafíþróttir.
 - Móta- og viðburðanefnd
 - 1. fundargerð Móta- og viðburðanefndar.
 - 4. fundargerð – Landsmót UMFÍ 50+ 2020.
 - 1.-13. fundargerðir – Íþróttaveisla 2020.
5. Erindi frá nefndum:
 - a. Fræðslunefnd leggur til við stjórn UMFÍ, með fyrirvara um samþykki stjórnar og jákvæð svör um fjármögnun, að tillögur vinnuhóps um rafíþróttir fari af stað þegar ungmennafélagsstarf kemst í eðlilegt horf eftir Covid-19.

- Stjórn samþykkir framlagða tillögu Fræðslunefndar, þar sem hvatt er til samstarfs við Rafíþróttasamtök Íslands og leita fjármagns. Stjórnin þakkar jafnframt vinnuhópi um rafíþróttir fyrir skilvirk og vel unnin störf. Framkvæmdastjóra falið að koma málinu í farveg í samræmi við 4. fundargerð vinnuhóps um rafíþróttir.
- b. Móta- og viðburðanefnd: Óskað er frekari skýringa á erindisbréfi varðandi hvaða viðburðir falla undir nefndarstörf.
- Stjórn upplýsir að nefndin sé stjórn til ráðgjafar um allt mótahald og alla viðburði.
- c. Móta- og viðburðanefnd: Nefndin leggur til að UMFÍ sendi Almannaöllum erindi, þar sem óskað er eftir fundi, þar sem óskað verði eftir álitum þeirra á mótahaldi UMFÍ í sumar.
- Samþykkt.
5. Erindi um samstarf frá Meðbyr ehf.
- Stjórn samþykkir erindið og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningi við Meðbyr ehf.
6. Upplýsingar frá Laugarvatni.
- Samþykkt tillaga framkvæmdastjóra og forstöðumanns ungmenna- og tómstundabúða um að nýta hlutastarfaleið stjórnvalda fyrir starfsfólk búðanna vegna 100% tekjufalls. Stjórn UMFÍ þakkar starfsfólki fyrir skilning í erfiðum aðstæðum.
 - Formanni falið að eiga samskipti við Bláskógabyggð um möguleika í stöðunni.
7. Fjármál.
- Farið yfir reksturinn fyrstu tvo mánuði ársins.
8. Önnur mál.
- Ársþing / aðalfundur sambandsaðila. – flestöllum þingum og aðalfundum hefur verið frestað vegna samkomubanns.
 - UMFÍ og ÍSÍ hafa komið sér saman um og auglýst að starfsskýrsluskilum sé frestað til 1. júní.
 - Vorfundur UMFÍ – Vegna óvissu í þjóðfélaginu veitir stjórn framkvæmdastjórn heimild til að fresta vorfundi ef þörf krefur.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 18:11